

Sp. 475. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um tengsl fræðslukerfis og atvinnulífs.

Flm.: Tómas Árnason, Ólafur Jóhannesson, Jón Sveinsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason,
Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga hvernig unnt er að tengja fræðslukerfið, einkum Háskóla Íslands, við atvinnulíf landsmanna framfarir því sem nú er.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa helstu atvinnuvegir þjóðarinnar, svo sem sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður, verslun og þjónusta tekið flókna véltækni í þjónustu sína, þ. á m. margbrotnar og vandmeðfarnar tölur, og er ekki séð fyrir endann á þeirri þróun. Því er augljóst að atvinnulífið kallar í vaxandi mæli á aukna starfskunnáttu og þekkingu á því er varðar meðferð, gæslu og viðhald hinna flóknustu véla og vélbúnaðar af ýmsu tagi. Því er eðlilegt að spurt sé: Er þjóðin nægilega vel að sér í þessum greinum? Hefur fræðslukerfið fylgt þróuninni nægilega vel eftir? Eða er ástæða til að endurskoða tengslin milli fræðslukerfisins og þarfa atvinnulífsins? Er fræðslukerfið nægilega aðlagð brýnustu þjóðfélagsþörfum? Þessum spurningum og mörgum fleirum þarf að svara.

Reyndar er þörf á því að efla verkmenntun og starfskunnáttu á fleiri sviðum en þeim sem sérstaklega snerta vélbúnað og tækni. Margs konar önnur menntun og starfsþjálfun

getur komið atvinnulífina að gagni. Þar á meðal er brýnt að efla hönnunarmenningu þjóðarinnar, þjálfun sölumanna, stjórnunarfræði og fleiri greinar hagnýtrar verkmenningar. Og síst ber að vanmeta nauðsyn skipulegrar þjálfunar starfsmanna í fyrirtækjum, enda nauðsynlegt að efla verkmenntun þjóðarinnar á öllum stigum starfsskiptingar atvinnulífsins, en ekki á hinum hærri þrepum einum saman. Slík rækt við almenna verkmenntun mun leiða af sér trausta verkmenningu þjóðarinnar og gera hana hæfari til stórra átaka í arðbærri framleiðslu af ýmsu tagi.

Viðurkenna ber að fræðslukerfið hefur um margt leitast við að fylgjast með tímanum, og ýmislegt hefur verið vel gert í þessum eignum. Margir sérskólar starfa á tæknisviðum og búa nemendur undir vandasöm störf í þágu atvinnuveganna. Má þar nefna Vélskóla Íslands, stýrimannaskólana, Tækniskólann, búnaðarskólana, og þar með búnaðarháskólann á Hvanneyri, iðnskólana, Fiskvinnsluskólann og ýmsa fjölbrautaskóla með brautir á véla- og tæknisviði. Útgerðartækni hefur að vísu verið kennd við Tækniskólann síðustu 6—7 ár, en annars hefur kennsla í sjávarútvegsgreinum lítið verið sinnt til þessa á æðsta stigi fræðslumála. Sama má segja um iðnaðinn. Rétt er að geta þess að fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, skipaði nefnd undir forystu Valdimars Kr. Jónssonar prófessors á grundvelli þingsályktunartillögu frá Guðmundi Karlssyni til þess að gera tillögur um að koma á fót kennslu í sjávarútvegsgreinum við Háskóla Íslands. Þessi nefnd hefur skilað álit og er það til umfjöllunar hjá ráðuneyti, samtökum sjávarútvegsins og fleiri aðilum. Þá er þess að minnast að á síðasta ári var ráðinn endurmenntunarstjóri við Háskóla Íslands og hefur hann staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Iðntæknistofnun hefur einnig í undirbúningi námskeið fyrir unga menn sem gegna vandasömum störfum í iðnaði.

Allt er þetta virðingarvert. Eigi að síður er nauðsynlegt að einbeita sér að því að kanna gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að tengja fræðslukerfið enn nánar beinum þörfum atvinnulífsins og stuðla sem verða má að því að skólanemendur undirbúi sig beint til starfa hjá aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, en fjarlægist þá ekki. Víðtæk verkmenntun er grundvöllur að efnalegri velferð þjóðarinnar og mikilvægt atriði í menningu hennar yfirleitt. Alkunna er að traust atvinnulíf er forsenda „gróandi þjóðlífs“ og öflugrar menningarstarfsemi.